

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 16. apríl kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 816.
embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs.
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Helena Stefánsdóttir og Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Sólveig Sigurðardóttir, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Birkir Ingibjartsson, Haukur Hafliði Nínuson, Lilja Grétarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Ólafur Melsted og Hildur Gunnarsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Bergstaðastræti 4, (fsp) breyting á notkun** (01.171.3) Mál nr. SN210268
Skjalnr. 11625
Björn Steinar Jónsson, Barónsstígur 80, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Björns Steinars Jónssonar um breytingu á notkun rýmis merkt 0101 í húsinu á lóð nr. 4 við Bergstaðastræti úr verslun í bakarí með rekstarleyfi fyrir veitingastað í flokki II.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Dalhús 72, (fsp) stækkun húss** (02.847.6) Mál nr. SN210175
Skjalnr. 14429
Krads ehf., Klapparstíg 16, 101 Reykjavík
Ólafur Kjartansson, Dalhús 72, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. apríl 2021 var lögð fram fyrirspurn Krads ehf. dags. 4. mars 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 72 við Dalhús, samkvæmt tillögu dags. 25. febrúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. febrúar 2021. Samræmist deiliskipulagi.
- Flókagata 13, (fsp) hækkun á þaki og kvistir** (01.243.7) Mál nr. SN210227
Skjalnr. 10818
Marteinn Sindri Jónsson, Flókagata 13, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. apríl 2021 var lögð fram fyrirspurn Marteins Sindra Jónssonar dags. 22. mars 2021 um að hækka þak hússins á lóð nr. 13 við Flókagötu og setja kvisti. Einnig er lögð fram tillaga ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.

4. **Furugerði 23, Fjölþýlishús og raðhús** (01.807.403) Mál nr. BN057617
Skjalnr. 5681
EA11 ehf., Tónahvarfi 6p, 203 Kópavogur
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja tvö 10 íbúða fjölþýlishús á tveimur hæðum á reit A og 10 íbúða raðhús á tveimur hæðum á reit B með sameiginlegan bílakjallara á lóð nr. 23 við Furugerði.
Stærðir: 3.253,3 ferm., 10.160,4 rúmm. Nýtingarhlutfall 0.8. Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.807.4 dags. 27. mars 2020, hæðablað 1.807.4 samþykkt í mars 2020, teikningaskrá aðaluppdráttar, afrit af greinargerð hönnunarstjóra um ábyrðarsvið hönnuðar dags. 5. maí 2020, greinargerð hönnuðar dags. 30. apríl 2020, reiknuð U-gildi dags. 5. maí 2020, greinargerð Mannvits ehf um hljóðvist, útgáfa 1.0, dags. 4. maí 2020, greinargerð burðarvirkishönnuðar, Element ehf, dags 28. febrúar 2020, ódagsett greinargerð um algilda hönnun. Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Grandagarður 14, (fsp) breyting á notkun** (01.114.5) Mál nr. SN210280
o.fl. Skjalnr. 13693
Jón Davíð Ásgeirsson, Keilugrandi 5, 107 Reykjavík
Vesturhöfn ehf., Öldugötu 4, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar dags. 12. apríl 2021 um breytingu á notkun 1. hæðar hússins á lóð nr. 14 við Grandagarð úr skrifstofum í verslun með veitingaaðstöðu ásamt breytingu á gluggum og aðkomu við götu, samkvæmt tillögu ódags og grunnmynd Trípólí dags. 10. febrúar 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 25. janúar 2021.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Lokastígur 24A, (fsp) breyta einbýlishúsi í** (01.181.3) Mál nr. SN210277
þrjár íbúðir Skjalnr. 6908
Sveinn Arnarson, Grettisgata 58A, 101 Reykjavík
Jens Beining Jia, Laugavegur 51, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sveins Arnarsonar dags. 9. apríl 2021 um að breyta einbýlishúsi á lóð nr. 24A við Lokastíg í þrjár íbúðir.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Snorrabraut 54, breyting á deiliskipulagi** (01.193) Mál nr. SN200593
Skjalnr. 5450
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík
Reir verk ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 22. september 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 54 við Snorrabraut. Í breytingunni felst að lóð nr. 54 við Snorrabraut er stækkuð um 102 m² og lóð nr. 45A við Barónsstíg (Sundhöll Reykjavíkur) er minnkuð samsvarandi. Fyrirkomulag bílastæða á lóð Sundhallar breytist og bílastæðum fækka lítillega. Einnig er gerð minni háttar breyting á byggingarreit Snorrabrautar 54 og byggingarmagn aukið um 400 m² (aðallega neðanjarðar), samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppg. Arkþing/Nordic ehf. dags. 4. febrúar 2021. Tillagan var auglýst frá 2. mars 2021 til og með 13. apríl 2021. Eftirtaldir sendu ábendingu/umsögn: Veitur ohf. dags. 13. apríl 2021.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

8. **Tjarnargata 30, Stækkun bakinnangs** (11.420.01) Mál nr. BN059047
Skjalnr. 12910
Nathaniel Berg, Tjarnargata 30, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. apríl 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera nýjan bakinnang með aðgengi að bílgeymslu á suðurhlið milli íbúðarhúss og bílgeymslu á lóð nr. 30 við Tjarnargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Stækkun: 4.5 ferm., 11.5 rúmm. Erindi fylgir afrit af teikningum Nexux arkitekta dags. 28. apríl 2015. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.
9. **Höfðabakki 1, (fsp) fiskverkun** (04.070.0) Mál nr. SN210263
Skjalnr. 7530
Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 31. mars 2021 um hvort heimilt er að vera með fiskverkun (flökun) í rými 0001 í húsinu á lóð nr. 1 við Höfðabakka, samkvæmt uppd. K.J.Ark slf. dags. 31. mars 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
10. **Kjalarnes, Prestshús, skipulagslýsing** Mál nr. SN210265
Skjalnr. 10165
Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Unnarstígur ehf., Pósthólf 70, 121 Reykjavík
Lögð fram umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 6. apríl 2021 ásamt skipulagslýsingu dags. 1. apríl 2021 fyrir nýtt deiliskipulag í Prestshúsum að Kjalarnesi. Áformað er að byggja íbúðarhús ásamt gestahúsum og vinnustofu/fjölnota sal á landinu.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
11. **Skútuvogur 7-9, (fsp) stækkun húss** (01.424) Mál nr. SN210266
Skjalnr. 5358
Indro Indriði Candi, Álfhólsvegur 62, 200 Kópavogur
Reitir - iðnaður ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Indro Indriða Candi dags. 6. apríl 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 7-9 við Skútuvog ásamt aukningu á byggingarmagni lóðar, samkvæmt uppd./afstöðumynd VA arkitekta ehf. dags. 27. mars 2021. Einnig er lögð fram tillaga DAP ehf. að stækkunarmöguleikum dags. 30. mars 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
12. **Klapparstígur 16, Kvistir** (11.515.05) Mál nr. BN059064
Skjalnr. 14441
Silfurberg ehf., Suðurgötu 22, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. apríl 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tvo kvisti austanmegin og tvo kvisti og svalir vestanmegin á rishæð húss á lóð nr. 16 við Klapparstíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Stækkun: 7,1 ferm., 37,1 rúmm. Gjald kr. 12.100
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 16. apríl 2021, eru ekki gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.

13. **Úlfarsbraut 100, Fjölbýlishús** (26.985.06) Mál nr. BN058952
Skjalnr.
Selhóll byggingafélag ehf., Seljuskógum 6, 300 Akranes
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. mars 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sex íbúða fjölbýlishús á þremur hæðum á lóð nr. 100 við Úlfarsbraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Stærð: 688,5 ferm., 1.915,6 rúmm. Erindi fylgir orkureikningur á fylgiblaði, aðaluppdrættir nr. A.01.1, A.01.2, A.01.3, A.01.4, A.02.1, A.03.1 og A.03.2 dags. 3. mars 2021. Gjald kr.12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.
14. **Úlfarsbraut 106, Fjölbýlishús** (26.985.09) Mál nr. BN058986
Skjalnr.
Selhóll byggingafélag ehf., Seljuskógum 6, 300 Akranes
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. mars 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sex íbúða fjölbýlishús á þremur hæðum á lóð nr. 106 við Úlfarsbraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Stærð: 688,5 ferm., 1.915,6 rúmm. Erindi fylgir orkureikningur á fylgiblaði dags.4. mars 2021, aðaluppdrættir nr. A.01.1, A.01.2, A.01.3, A.01.4, A.02.1, A.03.1, A.03.2 og A.04.1 dags. 9. mars 2021. Gjald kr.12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.
15. **Barmahlíð 7, (fsp) stækkun bílskúrs** (01.701.1) Mál nr. SN210138
Skjalnr. 11235
Hornsteinar arkitektar ehf, Ingólfsstræti 5, 101 Reykjavík
Bessi Gíslason, Barmahlíð 7, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Bessa Gíslasonar dags. 10. febrúar 2021 um stækkun bílskúrs á lóð nr. 7 við Barmahlíð, samkvæmt uppd. Andrésar Narfa Andréssonar dags. 8. febrúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
16. **Bárugata 29, Svalir** (11.354.05) Mál nr. BN059063
Skjalnr. 7571
Kolbeinn Árnason, Bárugata 29, 101 Reykjavík
Claudia Schenk, Bárugata 29, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að koma fyrir svölum á austurhlið íbúðar 0201 á 2. hæð í íbúðarhúsi á lóð nr. 29 við Bárugötu.
Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
17. **Hverfisgata 37, (fsp) breyting á notkun** (01.152.4) Mál nr. SN210281
Skjalnr. 7838
Máni Snær Hafðísarson, Danmörk,
Lögð fram fyrirspurn Mána Snæs Hafðísarsonar dags. 30. mars 2021 um breytingu á notkun rýmis á jarðhæð hússins á lóð nr. 37 við Hverfisgötu sem felst í að heimilt verði að starfrækja þar veitingastað. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.

18. **Kamsvegur 27, (fsp) stækkun húss** (01.354.2) Mál nr. SN210112
Skjalnr. 12053
Jóhann Rúnar Kjartansson, Kamsvegur 27, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóhanns Rúnars Kjartanssonar dags. 9. febrúar 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 27 við Kamsveg, samkvæmt skissu ódags. Einnig er lagður fram tölvupóstur Jóhann Rúnar Kjartansson, ásamt tillögum, dags 31. mars 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.
19. **Laugavegur 21, (fsp) gróðurhús** (01.171.1) Mál nr. SN210163
Skjalnr. 7136
Kaffibrennslan ehf., Laugavegi 21, 101 Reykjavík
Jón Ágúst Hreinsson, Látraströnd 50, 170 Seltjarnarnes
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 19. mars 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóns Ágústs Hreinssonar dags. 1. mars 2021 um að koma fyrir ca. 12 fm gróðurhúsi tímabundið á núverandi útisvæði lóðarinnar nr. 21 við Laugaveg. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd. Fyrirspurninni var frestað, fyrirspyrjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lagt fram að nýju ásamt teikningum ódags. og skissu á ljósmynd.
Ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Erindinu jafnframt vísað til meðferðar skrifstofu reksturs og umhirðu Reykjavíkurborgar.
20. **Seljavegur 17, (fsp) svalapakgluggi** (01.133.2) Mál nr. SN210157
Skjalnr. 14427
Volha Shamkuts, Seljavegur 17, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2021 var lögð fram fyrirspurn Volha Shamkuts dags. 23. febrúar 2021 um að setja svalapakglugga í stað núverandi þakglugga á húsið á lóð nr. 17 við Seljaveg, samkvæmt tillögum/skisum ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
21. **Baldursgata 24A, Reyndarteikningar** (11.862.09) Mál nr. BN059013
Skjalnr. 8243
Guðrún Margrét Jóhannesdóttir, Baldursgata 24, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. mars 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að stærðir hafa verið uppfærðar, kalt þak hefur verið byggt ofan eldra þak bakhúss, mhl.01, og því breytt í íbúðarrými, einnig hefur aðalinngangur verið færður til, stiga í forhúsi og innra skipulagi breytt í íbúðarhúsi, mhl. 02, á lóð nr. 24A við Baldursgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. apríl 2021.
Stækkun: Mhl.01, bakhús: x.xx ferm., x.xx rúmm. Mhl.02, íbúðarhús: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 15. mars 2021. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. apríl 2021 samþykkt.

22. **Esjugrund 20, Breyta skráningu bílskúrs** (32.473.308) Mál nr. BN059073
Skjalnr.
Hafsteinn Þorberg Thorvaldsson, Esjugrund 20, 116 Reykjavík
Lilja Rut Jónsdóttir, Esjugrund 20, 116 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. apríl 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun bílskúrs fyrir starfsemi bón og þvottastöðvar sbr. umsókn í húsi nr. 20 á lóð nr. 20 við Esjugrund. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2021.
Stærð er óbreytt. Erindi fylgir samþykki eiganda mótttekið þann 23. mars 2021 og afrit teikningar nr. 001 sem samþykkt var 5.12.1994. Gjald kr.12.100
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2021.
23. **Fagribær 13, (fsp) stækkun húss** (04.351.5) Mál nr. SN210070
Skjalnr. 14410
Jón Björgvin Stefánsson, Fagribær 13, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. apríl 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóns Björgvins Stefánssonar dags. 26. janúar 2021 um að stækka húsið á lóð nr. 13 við Fagrabæ, samkvæmt tillögu/skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.
24. **Hesthamrar 9, Áður gerðar breytingar** (22.974.02) Mál nr. BN059051
Skjalnr. 14442
Sæmundur Unnar Sæmundsson, Hesthamrar 9, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. apríl 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að gerður var kjallari undir allt húsið með þremur íbúðareiningum og bílskýli lokað í einbýlishúsi á lóð nr. 9 við Hesthamra. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2021.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 12.100
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2021.
25. **Háskólinn í Reykjavík - Nauthólsvegur 83, 85, 87 og 89, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.751) Mál nr. SN200745
Skjalnr. 13051
Kanon arkitektar ehf., Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Grunnstöð ehf., Menntavegi 1, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. desember 2020 var lögð fram fyrirspurn Kanon arkitekta ehf. dags. 2. desember 2020 ásamt bréfi dags. 2. desember 2020 um breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík vegna lóðanna nr. 83, 85, 87 og 89 við Nauthólsveg sem felst í fjölgun íbúða um 10 úr 415 íbúðum í 425 íbúðir, fækkun byggingarreita fyrir svonefnd stakstæð hús á reit A og B úr tveimur í eitt fyrir hvorn reit, stækkun byggingarreits fyrir stakstæð hús ásamt því að leyfilegur hæðafjöldi verði þrjár hæðir í stað tveggja til þriggja hæða, á fyrstu hæð stakstæðs húss á reit B verði gert ráð fyrir félagsaðstöðu fyrir íbúðir háskólagarðanna og íbúðir deiliskipulagssvæðisins munu dreifast á reiti A, B, C í stað A, B, C og D en ekki verði gert ráð fyrir íbúðum á reit D, samkvæmt tillögu Kanon arkitekta ehf. dags. 12. október 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. mars 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. mars 2021 samþykkt.

26. **Hraunbær 133, breyting á deiliskipulagi** (04.341.1) Mál nr. SN210046
Skjalnr. 14142
Teiknistofa ark Gylfi G/fél ehf, Vegmúla 2, 108 Reykjavík
Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Teiknistofunnar Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 18. janúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunbæjar-Bæjarháls vegna lóðarinnar nr. 133 við Hraunbæ. Í breytingunni felst að íbúðum er fjölgað um 6 úr 58 íbúðum í 64 íbúðir, bílastæðakrafa er lækkuð lítillega úr 1 stæði pr. íbúð í 0,9 stæði pr. íbúð, skilgreindur er nýr byggingarreitur fyrir sorpgerði milli byggingarreita A3 og A1 og gerðar eru breytingar á sérskilmálum til samræmis við reit C, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 12. janúar 2021. Einnig eru lagðir fram fyrirspurnarteikningar dags. 15. og 18. janúar 2021. Tillagan var auglýst frá 2. mars 2021 til og með 13. apríl 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ingi B. Erlingsson f.h. bílastæðasjóðs Hraunbæjar 118-140 dags. 8. apríl 2021, Jóhanna Ýr Hallgrímsdóttir f.h. húsfélagsins í Hraunbæ 144 dags. 8. apríl 2021 og Tómas Hansson dags. 13. apríl 2021.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Iðufell 16, Skrifstofugámar fyrir starfsfólk** (46.852.02) Mál nr. BN058720
leikskóla Skjalnr. 14408
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að setja niður skrifstofugám, sem er settur saman með tveimur gámum, og þjóna á sem bráðabirgðaskrifstofa fyrir starfsfólk á lóð nr. 16 við Iðufell.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. febrúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. febrúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2021.
Stærð: 57,2 ferm., 193,4 rúmm. Gjald kr. 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
28. **Kleifarvegur 12, Stækka stofu út á svalir -** (13.804.02) Mál nr. BN058529
op í vegg Skjalnr. 14374
Eyjólfur Reynisson, Kleifarvegur 12, 104 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. febrúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að stækka stofu á kostnað svala, bæta við glugga á suðurhlíð og fjarlægja burðarvegg að hluta í íbúð 0101 í tvíbýlishúsi á lóð nr. 12 við Kleifarveg. Erindi var grenndarkynnt frá 9. mars 2021 til og með 9. apríl 2021. Engar athugasemdir bárust.
Stækkun: 7.0 ferm., 18.9 rúmm. Erindi fylgir yfirlýsing burðarvirkishönnuðar sem afrit af tölvupósti dags. 6. nóvember 2020 og samþykki eigenda íbúðar 0001 dags. 18. nóvember 2020 og yfirlit breytinga á uppdráttum samþykktum 16. júlí 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. janúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. janúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2021. Gjald kr. 11.200
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

29. **Kleifarvegur 14, Breyting - svalir + bílskúr** (13.804.03) Mál nr. BN058766
Skjalnr. 13347
Sigurður Kjartan Hilmarsson, Bandaríkin,
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að grafa frá suðurhlíð bílskúrs og breyta honum í vinnustofu, gera nýja glugga og hurðir, fjarlægja milligólf og breyta innra skipulagi, einnig er handrið á svölum íbúðarhúss hækkuð til samræmis við byggingareglugerð og hurðarop út á svalir fyrstu hæðar stækkað og hurð breytt í rennihurð í einbýlishúsi á lóð nr. 14 við Kleifarveg.
Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
30. **Njálsgata 37, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.19) Mál nr. SN210121
Skjalnr. 13347
Jakobssynir ehf., Gláðheimum 26, 104 Reykjavík
Miðbær fasteignasala ehf., Starmýri 2, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2021 var lögð fram fyrirspurn Jakobssona ehf. dags. 12. febrúar 2021 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.190.0, Njálsgötureitur 1, vegna lóðarinnar nr. 37 við Njálsgötu sem felst í fjölgun íbúða þannig að í húsnaðinu verði sex íbúðir. Um er að ræða breytingu á 2. og 3. hæð hússins sem felst í að heimilt verði að vera með tvær íbúðir á hvorri hæð. Jafnframt er óskað eftir að setja svalir á bakhlið 2. og 3. hæðar hússins, samkvæmt uppdr. Benjamíns Magnússonar ehf. dags. 15. september 2016. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 eru ekki gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.
31. **Reykjavíkurflogvöllur, staðsetning** (01.6) Mál nr. SN180530
Skjalnr. 6767
Þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar
Dómsmálaráðuneyti, Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. júlí 2018 var lagt fram bréf Dómsmálaráðuneytisins dags. 10. júlí 2018 þar sem farið er þess á leit að skipulagsyfirvöld í Reykjavík móti tillögur um staðsetningu þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar á flugvallarsvæðinu til framtíðar. Einnig er lögð fram skýrsla Þorgeirs Pálssonar til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra dags. 1. ágúst 2017 um hlutverk Reykjavíkurflogvallar í öryggiskerfi landsins. Jafnframt er lagt fram minnisblaðið Teiknistofunnar Stiku dags. 13. janúar 2021 varðandi staðsetningu þyrluskýlis fyrir Landhelgisgæsluna. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til meðferðar deildarstjóra aðalskipulags.
32. **Stekkjarsel 7, Afmörkun aukaíbúðar í** (49.241.07) Mál nr. BN059015
Skjalnr. 14375
kjallara og óútgröfna rými breytt í
tómstundarrými
Einar Pétursson-Staalskjöld, Stekkjarsel 7, 109 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem eru að breyta geymslu í kjallara í aukaíbúð og óútgröfna rými er breytt tómstundarrými í einbýlishúsi á lóð nr. 7 við Stekkjarsel. Stækkun, óútgrafið rými: 59,4 ferm., 149,6 rúmm. Erindi fylgir bréf umsækjanda dags. 16. mars 2021. Gjald kr.12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

33. **Sæmundargata 15, Viðbótarrymi -** (16.313.03) Mál nr. BN059024
spennistöð, geymsla Skjalnr. 13128
Fasteignafélagið Eyjólfur ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. apríl 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058493 þannig að gerð eru viðbótartæknirými við skábraut í bílakjallara, innra skipulagi breytt í tæknirými og inntaksrými stækkað á kostnað tveggja bílastæða í kjallara húss Alvotech á lóð nr. 15-19 við Sæmundargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 16. mars 2021, uppfærð brunahönnun dags. 16. mars 2021 og yfirlit breytinga. Stækkun: 45,8 ferm., 222,5 rúmm. Eftir stækkun: 12.408,8 ferm., 58.050,1 rúmm. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.
34. **Brautarholt 16, (fsp) hækkun húss um tvær** (01.242.3) Mál nr. SN210204
hæðir o.fl. Skjalnr. 6043
Jóhanna Kristín Björnsdóttir, Stakkholt 4B, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. mars 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóhönnu Kristínar Björnsdóttur dags. 9. mars 2021 um að hækka hússið á lóð nr. 16 við Brautarholt um tvær hæðir, innrétta sem íbúðir, koma fyrir svölum, stækka glugga og byggja stiga- og lyftuhús og hjóla- og vagnageymslur. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.
35. **Bústaðavegur 87, Hækka ris og byggja** (18.192.09) Mál nr. BN059134
kvisti, þvottaherbergi skipt upp. Skjalnr. 14447
Hækkun ehf., Klettási 19, 210 Garðabær
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak og byggja tvo kvisti og viðbyggingu til suðurs ásamt því að koma fyrir svölum og breyta innra skipulagi íbúðar 0201, auk þess að skipta upp þvottaherbergi og gera hurð út í garð á 1. hæð í húsi á lóð nr. 87 við Bústaðaveg.
Stækkun: 74,8.2 ferm., 153.8 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
36. **Bústaðavegur 89, Nýjar svalir á 2. hæð og** (18.192.10) Mál nr. BN059133
innríbreytingar á 3 og 1 hæð sbr. BN056313 Skjalnr. 6389
Hækkun ehf., Klettási 19, 210 Garðabær
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN056313, þannig að innra skipulagi er breytt í risi og er þar komið fyrir eldhúsi, svalir gerðar á 2. hæð og hurð út í garð, auk þess að skipta upp þvottaherbergi og gera hurð út í garð á 1. hæð í húsi á lóð nr. 89 við Bústaðaveg.
Stækkun frá áður samþykktu er: 9,6 ferm., 40,5 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
37. **Einarsnes 74, (fsp) vistvænt hús** (01.673.1) Mál nr. SN210274
Skjalnr. 5296
Ásmundur Vilhjálmsson, Langholtsvegur 61, 104 Reykjavík
141198-2039 Rebekka Sól Ásmundsdóttir, Langholtsvegur 61, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ásmundar Vilhjálmssonar og Rebekku Sólár Ásmundsdóttur dags. 24. mars 2021 um að reisa vistvænt hús á baklóð Einarsness 74 með innkeyrslu vestanmegin við húsið.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

38. **Grettisgata 9A, Íbúð kjallara - geymsluskúr** (11.722.34) Mál nr. BN058867
Skjalnr.
Minjavernd hf., Koparsléttu 11, 162
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. febrúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að reisa geymsluskúr, mhl.02, hækka kjallaragólf og gera nýja íbúð í kjallara íbúðarhúss á lóð nr. 9A við Grettisgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir hluti úr lóðarupprætti 1.172.2 dags. 4. desember 2018. Gjald kr. 12.100
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
39. **Grettisgata 9B, Íbúð kjallara - geymsluskúr** (11.722.38) Mál nr. BN058866
Skjalnr.
Minjavernd hf., Koparsléttu 11, 162
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. febrúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að reisa geymsluskúr, mhl.02, hækka kjallaragólf og gera nýja íbúð í kjallara íbúðarhúss á lóð nr. 9B við Grettisgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir hluti úr lóðarupprætti 1.172.2 dags. 4. desember 2018. Gjald kr. 12.100
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
40. **Melgerði 12, (fsp) bílskúr, stækkun húss og hækkan á þaki** (01.815.5) Mál nr. SN210279
Skjalnr. 11954
Ágúst Atli Jakobsson, Melgerði 12, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ágústs Atla Jakobssonar dags. 10. apríl 2021 ásamt greinargerð ódags. um að gera bílskúr við austurhlið hússins á lóð nr. á lóð nr. 12 við Melgerði, stækka húsið til vestur og hækka þak hússins.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
41. **Ármúli 38, Breyta í íbúð - 02-02 mhl. 03** (12.951.01) Mál nr. BN058594
Skjalnr. 13557
Apartments and rooms ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til koma fyrir svölum á mhl. 03 rými 0202 á suðurhlið og inndregnar svalir með svalalokun á húsi á lóð nr. 38 við Ármúla.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. janúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. janúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2021 og samþykki meðeigenda dags. 5. janúar 2021. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
42. **Ármúli 38, Breyta í íbúð - 03-02 mhl. 02** (12.951.01) Mál nr. BN058595
Skjalnr. 13557
JIG Málun ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til koma fyrir svölum á mhl. 02 rými 0302 á suðurhlið húss, á lóð nr. 38 við Ármúla.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 5. janúar 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. janúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. janúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2021. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

43. **Bakkastaðir 73-73b, (fsp) fjölgun bílastæða** (02.421.3) Mál nr. SN210269
Skjalnr. 5802
Kristín Rögnvaldsdóttir, Bakkastaðir 73, 112 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Kristínar Rögnvaldsdóttur dags. 7. apríl 2021 um fjölgun bílastæða á lóð nr. 73-37b um eitt og gera þar hleðslustæði fyrir rafbíla, samkvæmt skissu á ljósmynd. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.
44. **Háaleitisbraut 14-18, (fsp) fjölgun bílastæða** (01.281) Mál nr. SN210178
Skjalnr. 14428
Inga Huld Tryggvadóttir, Háaleitisbraut 18, 108 Reykjavík
Háaleitisbraut 14-16-18, húsféla, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. mars 2021 var lögð fram fyrirspurn Ingu Huldar Tryggvadóttur dags. 8. mars 2021 um að fjölga bílastæðum á lóð nr. 14-18 við Háaleitisbraut um 6-12 stæði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.
45. **Miklabraut 68, (fsp) verönd** (01.710.0) Mál nr. SN210276
Skjalnr. 11984
Kristinn Hrafnsson, Miklabraut 68, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Kristins Rafnssonar dags. 30. mars 2021 um að gera verönd ofan á viðbyggingu á 2. hæð hússins á lóð nr. 68 við Miklubraut, samkvæmt uppdr. Skipulags- arkitekta- og verkfræðistofunnar ehf. dags. 19. mars 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.
46. **Akurgerði 7, Anddyri - lokun svala - niðurrif** (18.130.04) Mál nr. BN058593
Skjalnr. 14273
burðarveggja o.fl.
Guðmundur Árni Þórisson, Akurgerði 7, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera léttu viðbyggingu við anddyri, loka svölum á suðurhlíð og fjarlægja útvegg þar fyrir innan, síkka glugga á vesturhlíð og gera hurð út á verönd, fjarlægja hluta burðarveggja á neðri hæð auk minni háttar breytingum á innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 7 við Akurgerði.
Stækkun: 5.4 ferm., 13.9 rúmm. Erindi fylgir afrit af aðaluppdrætti stimpluðum 18. nóvember 1953 og yfirlit breytinga á afriti af sömu teikningu. Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. mars 2021 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2021.
Gjald kr. 11.200
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
47. **Birkimelur 6-6B, stækkun lóða** (01.541.2) Mál nr. SN210294
Skjalnr. 14448
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf Landupplýsingadeildar dags. 13. apríl 2021 um stækkun lóðanna að Birkimel 6-6B, samkvæmt lóðauppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs dags. 9. apríl 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

48. **Brekknáas, nýtt deiliskipulag**

Mál nr. SN210101
Skjalnr. 5183

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að deiliskipulagi fyrir 6 lóðir við Brekknás og Vindás 1.8 ha af stærð. Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 með síðari breytingum. Í aðalskipulagi segir að leyfilegt sé uppbygging á 60 íbúðum auk búsetukjarna fyrir fatlaða, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 29. janúar 2021. Tillagan var auglýst frá 2. mars 2021 til og með 13. apríl 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Telma Dögg Óskarsdóttir dags. 20. mars 2021, Pálmi Jón Gíslason dags. 12. apríl 2021, Steinunn Þorleifsdóttir dags. 12. apríl 2021, Veitur ohf. dags. 13. apríl 2021, Kamilla Mist Gísladóttir dags. 13. apríl 2021, Gerður Ríkharðsdóttir, tveir póstar, dags. 13. apríl 2021, Matthías Pálmason dags. 13. apríl 2021, Adolf Freyr dags. 13. apríl 2021, Friðrik Þorbergsson dags. 13. apríl 2021 og Jóhanna Gunnarsdóttir dags. 13. apríl 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

49. **Krókháls 5-5G, staðsetning ökutækjaleigu** (04.323.4)

Mál nr. SN210219
Skjalnr. 13660

Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 19. mars 2021 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 16. mars 2021 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Jovita Marcikonien f.h. Rijo Campers ehf. um að reka ökutækjaleigu að Krókhálsi 5A, lóð nr. 5-5G við Krókháls. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.

50. **Krókháls 7, Tvö skrifstofuhúsnaði úr** (43.226.01)

Mál nr. BN059070
Skjalnr. 7192

krosslímdum timbureiningum

K7 ehf., Krókhálsi 11, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tvö einnar hæðar skrifstofuhús úr krosslímdum timbureiningum ásamt þremur auglýsingaskiltaturnum á lóð nr. 7 við Krókháls.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. ágúst 2020.

Erindi fylgja útreikningar á varmatapsramma dags. 19. mars 2021, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða ódagsett og greinargerð um brunavarnir frá Örug, verkfræðistofa dags. 23. mars 2021.

Stærð, mhl. 01: 139,8 ferm., 378,4 rúmm. Mhl. 02: 248,2 ferm., 673,4 rúmm. Samtals: 388 ferm., 1.051,8 rúmm. Gjald kr. 12.100

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

51. **Kjalarnes, Kalkslétta 1, ósk um umsögn**

Mál nr. SN210207
Skjalnr. 10240

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 19. mars 2021 var lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 12. mars 2021 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Íslenska Gámafélagsins um starfsleyfi fyrir móttökustað fyrir úrgang að Kalksléttu 1 á Kjalarnesi. Óskað er eftir umsögn um hvort starfsemin samræmist skipulagi og hvort fyrirhugaðar séu breytingar sem geta komi í veg fyrir starfsleyfi í 12 ár. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.

52. **Smiðjustígur 13, breyting á deiliskipulagi** (01.151.4) Mál nr. SN210223
Skjalnr. 5919
Black Sheep ehf., Smiðjustíg 13, 101 Reykjavík
Kollgáta ehf., Glerárgötu 28, 600 Akureyri
Lögð fram umsókn Ingólfs Freys Guðmundssonar dags. 19. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.151.4 vegna lóðarinnar nr. 13 við Smiðjustíg. Í breytingunni felst að mænisstefna nýbyggingar á lóð er snúin þannig að hún verði samhliða Lindargötu, nýbyggingar á skipulagi verði skilgreinindar fyrir atvinnustarfssemi, stækka byggingarreit nýbyggingar lítillaga, bæta við byggingarreit á lóð vestan gamla hússins fyrir byggingu neðanjarðar, bæta við einu bílastæði á lóð og fella niður kvöð um að nýbygging á lóðinni skuli bárujárnsklædd, samkvæmt uppd. Kollgátu, dags. 12. mars 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
53. **Týsgata 6, Þak, kvistir, útistigi, skúr** (11.810.12) Mál nr. BN059087
Skjalnr. 14262
Skúli Rúnar Jónsson, Týsgata 6, 101 Reykjavík
Gavacon Holding co. ehf., Brekkutúni 12, 200 Kópavogur
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að hækka ris og byggja fjóra kvisti, rífa skúr á baklóð og byggja nýjan í suðvesturhorni lóðar ásamt vegg til að loka lóð að Óðinstorgi og til að gera nýjan utanálíggjandi stiga með inngöngum og svölum á 1. og 2. hæð þríbýlishúss á lóð nr. 6 við Týsgötu.
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 27. mars 2021. Niðurrif, mhl. 02: xx ferm., 37,2 rúmm. Nýr mhl. 02: 27,4 ferm., 79,8 rúmm. Stækkun mhl. 01: xx ferm., xx rúmm. Eftir stækkun: 305,4 ferm., 782,4 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
54. **Viðarhöfði 2, (fsp) breyting á notkun hússins** (04.077.5) Mál nr. SN210174
Skjalnr. 7888
RVK MMA ehf., Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 19. mars 2021 var lögð fram fyrirspurn RVK MMA ehf. dags. 4. mars 2021 ásamt bréfi og fylgiskjöllum dags. 4. mars 2021 um breytingu á notkun rýmis merkt 01 0205 í húsinu á lóð nr. 2 við Viðarhöfða úr iðnaði í heilsurækt og bardagalist. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 samþykkt.
55. **Grensásvegur 8 og Eirhöfði 13 og 15, starfsemi Ísteka ehf.** (01.295.3) Mál nr. SN210293
Skjalnr. 5156
Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar dags. 14. apríl 2021 um hvort starfsemi Ísteka ehf. að Grensásvegi 8 og Eirhöfða 13 og 15 samræmist skipulagi. Einnig er lögð fram tilkynning Ísteka ehf. til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu dags. 23. mars 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

56. **Rofabær 7-9, Fjölbýlishús**

(43.343.02)

Mál nr. BN059106
Skjalnr. 5962

Rofabær 7-9 ehf., Dalabíngi 12, 203 Kópavogur

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja og fjögurra hæða steinsteypt fjölbýlishús með 31 íbúð, einangrað og klætt að utan, á kjallara með 27 bílastæðum, 38 hjólastæðum og atvinnu- og þjónusturýmum á hluta jarðhæðar á lóð nr. 7-9 við Rofabæ.

Erindi fylgir minnisblað um hljóðráðgjöf frá Myrru hönnunarstofu dags. 23. febrúar 2021 og brunavarnartexti frá Lotu, dags. 29. mars 2021.

Stærð, A-rými: 3.894,2 ferm., 12.290,6 rúmm. B-rými: xx ferm., xx rúmm. Samtals A- og B-rými: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 12.100

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:05.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir